

Fimmtudaginn 14. september 1995.

Nr. 303/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Njálssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. september 1995, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar á grundvelli c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Hinn 12. júlí sl. lauk varnaraðili afplánun refsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar 8. desember 1994 í málinu nr. 364/1994, fangelsi í sex mánuði. Samdægurs var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 12. september 1995 með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra. Með hinum kærða úrskurði var varnaraðila gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1995 var varnaraðila dæmd þriggja ára óskilorðsbundin fangelsisrefsing vegna brota gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þeim dómi hefur verið affrýjað til Hæstaréttar.

Varnaraðili á að baki langan brotaferil, og má ætla, að hann haldi áfram brotum, verði hann látinn laus, meðan máli hans er ekki lokið. Verður hinn kærði úrskurður staðfestur á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Að þeirri niðurstöðu fenginni þarf ekki að fjalla um, hvort einnig hefði átt að staðfesta úrskurðinn eftir d-lið sömu málsgreinar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. september 1995.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, verði gert að sæta framlengingu gæsluvarðhalds, allt þar til dómur gengur í hæstaréttarmálinu nr. 248/1995, þó ekki lengur en til 10. nóvember 1995 kl. 16.00.

Varnaraðili hefur mótmælt kröfu um framlengingu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1995 var varnaraðili sakfelldur fyrir brot gegn 196., sbr. 1. mgr. 20. gr., svo og gegn 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Var refsing hans ákveðin fangelsi í þrjú ár. Dóminum var áfrýjað að ósk varnaraðila.

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra 12. júlí sl. var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í Hæstarétti, þó ekki lengur en til þriðjudags 12. september kl. 14.00. Var úrskurður reistur á d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 svo og undirstöðurökum 106. gr. sömu laga.

Ríkissaksóknari styður kröfu sína við c- og d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Niðurstaða.

Í ofangreindum úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er lýst löngum sakaferli Steingríms Njálssonar. Hann hafi auk annars verið dæmdur sjö sinnum fyrir kynferðisbrot. Er í úrskurðinum hvort tveggja talið nauðsynlegt að verja aðra fyrir árásum Steingríms og hann fyrir árásum annarra manna.

Málflutningur í Hæstarétti hefur verið ákveðinn 18. október nk. Dóms er því ekki að vænta fyrr en í lok þess mánaðar. Þegar virt eru þau brot, sem ákaert er fyrir í málinu, og lítið til sakaferils og með vísan til d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991, verður gæsluvarðhaldsvist Steingríms framlengd. Verður varðhaldinu markaður tími, svo sem ríkissaksóknari hefur krafist.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Steingrímur Njálsson, kt. 210442-3679, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í Hæstarétti í máli ákæru valdsins gegn honum nr. 248/1995, þó ekki lengur en til föstudagsins 10. nóvember nk. kl. 16.00.